

Aðalfundur Bárunnar, félags smábátæigenda í Garðabæ og Hafnarfirði
haldinn 5. október 2019

Tillögur til 35. aðalfundar LS 17. og 18. október 2019

1. Aðalfundur Bárunnar leggur til að tímabil strandveiða verði lengt í 6 mánuði á ári. Veiðidögum verði úthlutað á tímabilið í stað mánuði.

Greinargerð

Sl. 2 ár hefur komið í ljós að auka þarf svigrúm strandveiðibáta til að geta fullnýtt veiðidaga og eiga möguleika að ná afla á hagkvæman hátt þegar veiðivon er frá þeirri höfn sem þeir róa. Vegna þessara annmarka hefur ekki náðst að veiða allar úthlutaðar veiðiheimildir. Við þessu er rétt að bregðast.

2. Aðalfundur Bárunnar leggur til að heimilt verði að veiða allt að tvöfaldan dagskammt í róðri án upptöku afla. Afli umfram dagskammt telst síðan til fækkunar veiðidaga á tímabilinu.

Greinargerð

Smábátaútgerðum ber að hagræða sem kostur er og minnka kolefnisspor eins og aðrar atvinnugreinar. Með framangreindri tillögu er ætlað að minnka olíueyðslu og kostnað á veitt kg.

Með þessari tillögu gæti róðrum fækkað og að síður verið sótt í vondum veðrum sem myndi skapa aukið öryggi strandveiðisjómanna.

3. Aðalfundur Bárunnar leggur til að strandveiðar verði heimilaðar alla daga vikunnar.

Greinargerð

Það er skoðun félagsmanna að strandveiðibátar eiga að hafa sama möguleika að nýta sinn fiskveiðirétt eins og aðrir. Það er síðan í höndum skipstjóra að stjórna veiðum og nýta sína daga til veiða. Þar spila m.a. inn í atriði eins og veður, veð og möguleikar til afsetningar aflans.

4. Aðalfundur Bárunnar leggur til að geymsluheimild í strandveiðum verði 15% milli ára eins og viðhaft er í öðrum veiðum.

Greinargerð

Mjög óeðlilegt er að mismunandi geymsluheimildir milli ára gildi milli útgerðarforma. Það hlýtur að vera réttlætismál að 15% geymsluréttur gildi fyrir strandveiðar sem og aðrar veiðiheimildir.

5. Aðalfundur Bárunnar leggur til að veiðum á grásleppu verði stjórnað með aflamarki.

Greinargerð

Það að stjórna grásleppuveiðum með sóknarmarki (dögum) þegar Hafró leggur til veiðar á ákv. aflamarki, er ekki nákvæm né hagkvæm leið við veiðarnar. Líklegt er einnig að aflamark skili jafnara og hærra verði fyrir afurðirnar.

Það að virk grásleppuleyfi geti orðið um 450 þó svo 250 séu virk um þessar mundir þá býður þetta kerfi upp á að framboð verði umfram eftirspurn þau ár sem verð á hrognum er gott. Miklar sveiflur sem það býður upp á eru ekki af hinu góða fyrir greinina.

6. Aðalfundur Bárunnar leggur til að lengja veiðitíma grásleppu í Faxaflóa til 15. ágúst.

Greinargerð

Reynsla er af veiðum í Faxaflóa síðsumars og er grásleppa að ganga þar allt fram í september til hrygningar. Svo virðist sem stóra grásleppan komi í lok veiðitímans, öfugt við mörg önnur svæði.